

talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Sveins Snorrasonar héraðsdómslögmanns, kr. 2.000.00.

Dómarinn lætur þess getið, að uppkvaðning dóms þessa hefur dregið nokkuð vegna fjarveru ákærða og mikilla embættisanna dómarans.

Dómsorð:

Ákærði, Hafsteinn Jóhannsson, sæti fangelsi í 4 mánuði.

Hann er sviptur kosningarrétti og kjörgengi til opinberra starfa og annarra almennra kosninga.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Sveins Snorrasonar héraðsdómslögmanns, kr. 2.000.00.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 22. febrúar 1961.

Nr. 222/1960. **Ákærvaldið** (Einar B. Guðmundsson hrl.)

gegn

Þorsteini Skúlasyni

(Þorvaldur Þórarinsson hrl.).

Dómendur:

hæstaréttardómararnir Þórður Eyjólfsson, Árni Tryggvason, Jónatan Hallvarðsson og Lárus Jóhannesson og Ármann Snævarr prófessor.

Afengislagabrot.

Dómur Hæstaréttar.

Laugardaginn 26. marz 1960, kl. um 2300, voru lögreglumennirnir Jóhannes Björgvinsson varðstjóri og Magnús Einarsson lögregluþjónn við eftirlit í eftirlitsbifreiðinni R 6947 og voru staddir við bifreiðastöð Hreyfils við Hlemmtorg.

Veittu þeir þá athygli leigubifreiðinni R 3031, sem ákærði var bifreiðarstjóri á, og þótti akstur hennar ógætilegur. Veittu lögreglumennirnir ákærða eftirför um nokkrar götur bæjarins, og um leið og ákærði stöðvaði bifreið sína á

gatnamótum Laugavegar og Snorrabrautar, fór Magnús lögregluþjónn út úr eftirlitsbifreiðinni og inn í bifreið ákærða, og óku bifreiðarnar síðan að bifreiðastæðinu við Rauðarárstíg og Grettisgötu.

Þegar þangað var komið, óskaði Jóhannes varðstjóri að fá að gera áfengisleit í bifreiðinni R3031, og samþykkti ákærði það. Rétti ákærði lögreglumönnum tösku, sem var á gólfinu ökumannsmegin undir sætinu, og sagði, að í henni væri áfengi það, sem hann ætti. Reyndist það vera ein heil flaska af brennivíni, ein heil flaska af vodka og hálfflaska af brennivíni. Annað áfengi fannst ekki í bifreiðinni, en í hólfi í bifreiðinni fannst poki, og voru í honum 24 korktappar, sem voru hæfilega stórir í öflöskur. Kvaðst ákærði hafa keypt heilflöskurnar í útsölubúð Áfengisverzlunar ríkisins við Snorrabraut fyrr um daginn, en á hálfflöskuna hafi hann látið sjálfur þá um daginn gamlar leifar af brennivíni, sem keypt hafi verið hjá Áfengisverzluninni.

Töldu lögreglumennirnir þetta fella grun á ákærða um flutning áfengis, sem ætlað væri til sölu. Af því tilefni fór svo fram rannsókn, sem leiddi til málshöfðunar þessarar á hendur ákærða. Ekki verður talið skipta máli um refsinaemi verknaðar samkvæmt 4. sbr. 3. málsg. 19. gr. laga nr. 58/1954, þó að grunur löggæzlumanna um ólögmetan áfengisflutning komi þá fyrst til, er þeir hafa stöðvað bifreið eða hafið afskipti af henni í öðru skyni en leit að áfengi.

Ákærði, sem með dómi sakadóms Reykjavíkur 12. febrúar 1954 var dæmd sekt fyrir ólöglega áfengissölu samkvæmt 15. sbr. 33. gr. þágildandi áfengislaga, hafði, eins og áður segir, meðferðis tvær og hálfu flösku áfengis og kveðst hafa ætlað það til eigin nota. Eins og atvikum er háttað, svo sem nánar er greint í héraðsdómi, þykir ákærði ekki hafa leitt að því nægar líkur, að áfengið hafi ekki verið ætlað til sölu. Hefur hann því gerzt sekur við ákvæði 4. sbr. 3. mgr. 19. gr. áfengislaga nr. 58/1954. Leitt er í ljós, að 26. marz 1960 nam söluverð hins umrædda áfengis hjá Áfengisverzlun ríkisins samtals kr. 435.00. Í 2. mgr. 42. gr. greindra áfengislaga er mælt, að brot gegn 4. mgr.

19. gr. laganna varði sektum, er nemi í fyrsta sinn fimmföldu, en í annað sinn tíföldu söluverði þess áfengis, sem ætlað er til ólöglegrar sölu. Þar sem ítrekunaráhrif dómsins frá 12. febrúar 1954 eru niður fallin, sbr. 71. gr. laga nr. 19/1940, og ákærði verður ekki talinn hafa gert sér ólöglega áfengissölu að atvinnu, ber að ákveða refsingu ákærða kr. 2175.00 sekt, er renni í Menningarsjóð, og komi varðhald í 8 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Áfengi það, ein og hálf flaska af brennivíni og ein flaska af vodka, sem tekið var af ákærða, skal vera upptækt til rikissjóðs samkvæmt 2. mgr. 42. gr. laga nr. 58/1954.

Hins vegar verður krafa ákærvaldsins um, að ákærða verði dæmd ökuleyfissvipting samkvæmt 2. mgr. 42. gr. áfengislaganna, ekki tekin til greina af framangreindum ástæðum.

Ákærða ber að greiða allan kostnað sakarinnar í héraði og hér fyrir dómi, þar með talin málf lutningslaun skipaðs sækjanda í Hæstarétti, kr. 3000.00, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 5000.00.

Dómsorð:

Ákærði, Þorsteinn Skúlason, greiði kr. 2175.00 sekt til Menningarsjóðs, og komi varðhald 8 daga í stað sektarinnar, ef hún verður ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Framangreindar 2½ flaska af áfengi eru upptækar til handa rikissjóði.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar í héraði og fyrir Hæstarétti, þar með talin laun sækjanda fyrir Hæstarétti, Einars B. Guðmundssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 3000.00, og laun skipaðs verjanda í héraði og fyrir Hæstarétti, Þorvalds Þórarinssonar hæstaréttarlögmanns, samtals kr. 5000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 16. nóvember 1960.

Ár 1960, miðvikudaginn 16. nóvember, var á dómþingi saka-
dóms Reykjavíkur, sem háð var í skrifstofu dómsins af Ármanni
Kristinssyni, kveðinn upp dómur í sakadómsmáli nr. 6795/1960:
Ákærvaldið gegn Þorsteini Skúlasyni, en mál þetta var tekið til
dóms hinn 28. f. m.

Málið er með ákæruskjali dómsmálaráðherra, dagsettu 21. maí
1960, höfðað gegn ákærða, Þorsteini Skúlasyni bifreiðarstjóra,
Rauðarárstíg 13 í Reykjavík, fyrir að hafa laugardagskvöldið 26.
marz s.l. haft meðferðis í bifreið sinni, R 3031, 1 flösku af vodka
og 1½ flösku af brennivíni, en áfengi þetta, er ákærði þykir hafa
ætlað til sölu, afhenti hann lögreglumönnum á bifreiðastæði á
Rauðarárstíg, þangað sem hann hafði fært bifreiðina að þeirra
ósk. Telst þetta varða við 4. sbr. 3. mgr. 19. gr. sbr. 2. mgr. 42.
gr. áfengislaga nr. 58/1954.

Þess er krafizt, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til öku-
leyfissviptingar samkvæmt 2. mgr. 42. gr. áfengislaga, að fyrr-
greint áfengi verði gert upptækt samkvæmt 2. mgr. i.f. 42. gr.
áfengislaga, svo og verði hann dæmdur til greiðslu alls sakar-
kostnaðar.

Ákærði er fæddur 4. nóvember 1926 að Hálsgerði í Ljósavats-
hreppi. Sakavottorð hans hljóðar svo:

1951 21/11 Áminning fyrir brot á 15. gr. lögreglusamþykktar
Reykjavíkur.

1954 12/2 Dómur: 3000 kr. sekt fyrir brot á 15. sbr. 33. gr. áfeng-
islaga.

1956 1/2 Áminning fyrir umferðarlagabrot.

1958 12/6 Dómur: 2000 kr. sekt, sviptur ökuleyfi í 3 mánuði frá
10/5 1958 fyrir brot á bifreiðalögum, umferðarlögum
og lögreglusamþykkt.

Málsatvik eru þessi:

Laugardaginn 26. marz s.l. klukkan um 2300 urðu þeir Jóhann-
es Björgvinsson lögregluvarðstjóri og Magnús Einarsson lögreglu-
þjónn varir við leigubifreiðina R 3031, er þeim fannst ekið gálaus-
lega og hratt. Mældu lögreglumennirnir hraða R 3031, og reyndist
hann mestur austur Skúlagötu 60 km, miðað við klukkustund. Lög-
reglumennirnir áttu tal við ökumann bifreiðarinnar, er reyndist
ákærði í máli þessu. Óskaði Jóhannes lögregluvarðstjóri þess þá, að
ákærði veitti heimild til áfengisleitar í bifreiðinni. Ákærði sam-
þykkti þegar slíka leit, rétti samtímis fram litla tösku, er hann

kvað geyma áfengi það, sem í bifreiðinni væri. Í töskunni voru ein heilflaska brennivíns, önnur af vodka og ölfaska full af brennivíni. Þessu næst leituðu lögreglumennirnir frekara áfengis í bifreið ákærða, en fundu ekki. Úr hólfi í mælaborði bifreiðarinnar tóku þeir poka með 24 korktöppum.

Ákærði játaði þegar eignarrétti sínum á víninu og kvaðst aðspurður af Jóhannesi lögregluvarðstjóra ætla að nýta áfengið sjálfur, þar sem hann hugðist fara á dansleik. Ákærði var færður á skrifstofu rannsóknarlögreglunnar og staðfesti þar frásögn sína. Vörslu á korktöppunum skýrði hann á þá leið, að farþegar beiddust oft slíkra muna, og því æskilegt að eiga þá í bifreiðinni.

Ákærði játaði að hafa ekið allgreitt umrætt sinn, en gat ekki fullyrt um hraðann í km, þar sem hann leit ekki á hraðamælinn. Lögreglumennirnir mældu hraða bifreiðar ákærða og fullyrtu, að hann hefði reynzt 60 km, miðað við klukkustund, austur Skúlagötu í Reykjavík, þar sem hámarkshraði er 35 km, miðað við klukkustund. Ákærvaldið hefur ekki ákært vegna þessarar háttsemi ákærða, og kemur hún því ekki frekar til úrlausnar.

Málið er hins vegar höfðað gegn ákærða fyrir að hafa ætlað til sölu áfengi það, er hann afhenti lögreglumönnum. Þeim sakargiftum hefur ákærði algerlega neitað sem réttum.

Ákærvaldið telur, að hegðun ákærða varði við 4. sbr. 3. mgr. 19. gr. áfengislaga nr. 58/1954. Verður ekki hjá því komizt að greina hér efni þeirra orðrétt: 3. mgr.: „Enn fremur er þeim (þ. e. mönnum með lögregluvaldi) heimilt að rannsaka, hvort bifreiðar hafi áfengi meðferðis, þó að það sé löglega keypt, enda liggi fyrir rökstuddur grunur um, að áfengið sé ætlað til ólöglegar sölu“, og 4. mgr.: „Nú finnst áfengi í bifreið, þegar svo stendur á, sem í næstu málsgrein hér á undan segir (þ. e. 3. mgr.), og skal þá refsa eiganda þess, sem hann væri sekur um ólöglega áfengissölu, nema leiddar séu að því sterkar líkur, að áfengið sé ekki ætlað til sölu.“

Hér er um að ræða sérstæða lagareglu, þar sem sönnunarbyrðinni, sem að jafnaði hvílir á ákærvaldinu, er velt yfir á sakborning, og hlýtur því ákvæðið að lúta þröngri lögskýringu. Frumskilyrði þess, að reglunni verði beitt, er, að fyrir liggi rökstuddur grunur um, að í bifreið sé áfengi, ætlað til ólöglegar sölu.

Í máli því, sem hér er til úrlausnar, stóð svo á, eins og áður er sagt, að bifreið ákærða var ekki stöðvuð, af því að rökstuddur grunur væri á því, að hún flytti áfengi til ólöglegar sölu. Bifreiðin er stöðvuð, vegna þess að lögreglumenn telja öikumann aka gálauslega og yfir lögleyfðan hraða. Lögreglumennirnir hafa báð-

ir staðhæft fyrir dómi, að þessi hafi verið ástæðan til afskipta þeirra af ákærða, og jafnframt beinlínis fullyrt, að þeir hefðu engan grun haft um, að bifreið hans flytti áfengi, er ætlað væri til ólöglegrar sölu. Heimild til leitarinnar byggist ekki á neinum ákvæðum 19. gr. áfengislaganna. Ljóst er af orðun 1. og 2. mgr. 19. gr., sambandi þeirra við 3. og 4. mgr. sem og forsendum laga-setningarvalds, þá er síðastnefndum málsgreinum var efnislega fyrst skotið inn í áfengislöggjöfina með lögum nr. 47/1951, að 1. og 2. mgr. fjalla einasta um meðferð ólöglegs áfengis í landinu, m. a. heimild til leitar í flutningatækjum í því sambandi, og gilda þá almennar reglur um sönnunarbyrði. Það virðist fráleitt að heimila leit samkvæmt 3. mgr. 19. gr. í ákvæðnum hópum bifreiða, t. d. öllum leigubifreiðum, og telja þannig, að ávallt sé fyrir hendi rökstuddur grunur um áfengi til ólöglegrar sölu, ef um leigubifreiðastjóra er að ræða, þó að allmargir úr þeirri stétt hafi gerzt sekir um áfengissölu. Slík skýring frávikningarreglu kann að vera mjög æskileg fyrir löggæzlu, en lögheimil verður hún ekki talin.

Þar sem löggæzlumenn hafa ekki haft sérstakan rökstuddan grun um það í máli þessu, að ákærði flytti í bifreið sinni áfengi, er ætlað væri til ólöglegrar sölu, brestur skilyrði til þess, að beitt verði ákvæðum 4. mgr. 19. gr. áfengislaganna. Heimild löggæzlu-manna til leitarinnar byggist eingöngu á leyfi ákærða um, að hún færi fram, ekki 3. mgr. 19. gr. áfengisлага, en þar af leiðir, að undantekningarákvæði 4. mgr. sömu greinar um sönnunarbyrði, verður ekki við komið í máli þessu, heldur ber ákærvaldið sönnunarbyrði sem í öðrum opinberum málum.

Fullnægjandi rök hafa ekki verið færð fyrir því af hálfu ákærvaldsins, að áfengi það, er ákærði afhenti löggæzlumönnum, hafi verið ætlað til ólöglegrar sölu.

Ákærða ber því að sýkna af öllum kröfum ákærvaldsins í máli þessu, en dæma ríkissjóð til að greiða allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, Þorvalds Þórarinssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 2.000.00.

Dómsorð:

Ákærði, Þorsteinn Skúlason, á að vera sýkn af kröfum ákærvaldsins í máli þessu.

Allur kostnaður sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda, Þorvalds Þórarinssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 2.000.00, greiðist úr ríkissjóði.